

- 73 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Stofnendasjóð, útgefin á venjulegan 29. apríl hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1957.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stofnendasjóð.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Stofnendasjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. janúar 1956 á 80 ára afmæli stjórnarformanns og eina núlifandi stofnanda, séra Sigurbjörns Á. Gíslasonar, með kr. 50000.00 framlagi frá Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í virðingar- og þakklætisskyni fyrir ómetanlegt brautyrðjendastarf hans og samstarfsmanna og meðstofnenda, en þeir voru:

Flosi Sigurðsson trésmíðameistari,
Haraldur Sigurðsson verzlunarstjóri,
Júlíus Árnason kaupmaður,
Páll Jónsson kaupmaður.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar og er stjórn þess einnig stjórn sjóðsins.

4. gr.

Þegar höfuðstóll er orðinn kr. 100000.00 má verja $\frac{3}{4}$ af vöxtum hans árlega til styrkveitingar, sbr. 5. grein.

5. gr.

Styrk úr Stofnendasjóði má veita þeim til utanfarar, er starfa að líknar- og mannúðarmálum og vilja kynna sér þau mál nánar.

Einnig má styrkja á sama hátt áhugasamt fólk, sem ætlar sér að starfa að líknar- og mannúðarmálum.

6. gr.

Umsóknir um styrkveitingu skulu sendar sjóðstjórn ásamt skilríkjum fyrir 1. október, en styrkurinn veitist 29. okt. á stofndegi heimilisins.

7. gr.

Reikningsár Stofnendasjóðs skulu endurskoðaðir ásamt reikningum stofnunarinnar.